



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 5. mars 2012.

Efni: Frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 147. mál, stjórnarfrumvarp. Möguleg breyting á 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 22. febrúar sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu að breytingu á ofangreindu frumvarpi. Tekið er fram að breytingin hafi ekki verið samþykkt í nefndinni.

Tillagan snýr að því að 1. málslíður 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins falli brott. Málslíðurinn er svohljóðandi: „Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með.“ Það sem til athugunar er, er að í staðinn verði 3. mgr. 13. gr. svohljóðandi: „Heilbrigðisstarfsmaður ber, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til hans leita. ...“

Við samanburð á þeim frumvörpum um heilbrigðisstarfsmenn, sem fram hafa komið á síðustu fjórum löggjafarþingum kemur í ljós að þessi sérstaki málslíður um ábyrgð lækna kom inn í frumvarpið þegar það var lagt fram sl. haust. Var það væntanlega gert vegna ábendinga lækna um að skýrt ákvæði þurfi að vera í lögum um heilbrigðisstarfsmenn um sérstöðu lækna þegar kemur að ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga. Læknisfræðileg meðferð og greining sjúklinga er ekki í höndum neinna heilbrigðisstétta annarra en lækna. Þeirri greiningu og meðferð fylgir mest ábyrgð, enda mest hættu á að gagnvart sjúklingi fari eitthvað úrskeiðis í því ferli. Greining og meðferð annarra heilbrigðisstarfsmanna byggir oftast á læknisfræðilegri greiningu og meðferð sjúklings.

LÍ telur mikilvægt að það sé skýrt og greinilegt í heildarlöggjöf um heilbrigðisstarfsmenn, nái slík löggjöf fram að ganga, að læknar beri ábyrgð á læknisfræðilegri greiningu og meðferð sjúklinga. LÍ telur að með því að fella út 1. málslíð 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins þá verði staða sjúklinga mun veikari en eðlilegt er því heilbrigðisstarfsmenn geti farið að vísa hver á annan varðandi það hver beri hina raunverulegu ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklingsins. Réttarstaða sjúklinga, ef eitthvað fer úrskeiðis í greiningu og meðferð, gæti því orðið talsvert lakari en nú er.

Þegar frumvarp það, sem varð að lögum um réttindi sjúklinga, var til meðferðar í Alþingi veturinn 1996-1997 taldi heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis ástæðu til að skerpa á ábyrgð og hlutverki lækna gagnvart réttindum sjúklinga. Þess vegna var orðalagi í ýmsum ákvæðum frumvarpsins breytt til að taka af öll tvímæli um það hver sé skylda lækna gagnvart sjúklingum. Í því tilviki þótti sjálfsagt og eðlilegt að taka lækna útúr og skerpa sérstaklega á þeirra ábyrgð og tilgreina ábyrgð annarra heilbrigðisstétta með almennum hætti. Formaður heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis sagði þegar hann mælti fyrir breytingum

nefndarinnar m.a. þetta: „ ... Í öðru lagi eru mjög róttækar breytingar sem styrkja mjög stöðu lækna í þessum lögum ef frv. verður samþykkt og koma í veg fyrir að ábyrgð á vellíðan og meðferð sjúklings dreifist um of, en það er almenn gagnrýni nefndarmanna og gesta sem á fund nefndarinnar komu að þar væri frv. talsvert áfátt. ...“¹

LÍ hefur margsinnis í umsögnum sínum til velferðarnefndar Alþingis lýst andstöðu sinni við það að læknalög verði felld niður og ákvæði þeirra felld inn í heildarlöggjöf um heilbrigðisstéttir. LÍ leyfir sér að áréttta þá afstöðu. Verði það engu að síður niðurstaða Alþingis að þörf sé á því að setja heildarlög um alla heilbrigðisstarfsmenn þá telur LÍ að sú breyting megi ekki hafa í för með sér að dregið verði úr lagalegri og faglegri ábyrgð lækna á læknisfræðilegri greiningu og meðferð sjúklunga, þannig að óvissa skapist um þá ábyrgð. LÍ telur að það sé til þess fallið að draga úr faglegri og lagalegri ábyrgð lækna að fella niður 1. másl. 3. mgr. 13. gr. í framangreindu frumvarpi. LÍ leggur áherslu á að 1. másl. 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins standi, eigi að samþykkja það, en leggur til að orðalag hans verði:

„Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri greiningu og meðferð sjúklunga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með.“

Eina breytingin sem lögð er til er sú að orðið „greining“ komi á undan orðinu „meðferð“ enda er það eðlilegri orðaröð í þessu samhengi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,



Þorbjörn Jónsson,
formaður.

¹ <http://www.althingi.is/alttext/121/05/r16252817.shtml>